

31. fundur framkvæmdateymis Snæfellsbæjar haldinn 28. október 2025 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Ragnar Már Ragnarsson, Valgerður Kristmannsdóttir, Vagn Ingólfsson og Baldvin Leifur Ívarsson. Matthías Páll var fjarverandi. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Vinna við lengingu á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík um 100.0 m. er byrjuð. Dýpkunartæki verktaka komu á verkstað 24.10. s.l. Vinna við þilskurð hóst 27.10. s.l.
- b) Búið er að skipta um 5 bryggjupolla á Suðurlipi í Ólafsvíkurhöfn.
- c) Fyrirhugað er að skoða svæði innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á Malarífi og við Hellisbraut á Hellissandi varðandi þörf á sjóvörnum.
- d) Búið er að yfirfara alla götulýsingu og bryggjulýsingu á hafnarsvæði Rifshafnar og skipta um 14 lampa.
- e) Búið er að yfirfara alla götulýsingu, bryggjulýsingu, öll stigaljós, fara yfir og laga öll glitmerki á bryggjuköntum á hafnarsvæði Ólafsvíkurhafnar.
- f) Unnið er að undirbúningi fyrir málningu að utan á skemmu hafnarsjóðs við Háarif í Rífi
- g) Búið er að mála ljósamasturshús að innan í Arnarstapahöfn.
- h) Verið er að yfirfara og mála upptökuspil í Arnarstapahöfn.
- i) Búið er að mála hafnarhúsið á Arnarstapahöfn að innan.

2) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Íbúð í Engihlíð 22, 3hh kláruð. Leigjandinn er fluttur inn.
- b) Jaðar - lagðar voru víníflísar á eitt rými og það málað. Settar upp hillur í einu þvottarými. Ýmislegt annað smávægilegt jafnframt gert á Jaðri.
- c) Íbúð í Engihlíð 18, 1hv. Þar var málað og lagaðar lausar flísar í gólfi. Hún er tilbúin til útleigu.
- d) Engihlíð 18 2hv. Málað og skipt um gólfefni á þremur herbergjum.
- e) Lýsuhóll - settar voru upp klemmuvarnir v/leikskóla.
- f) Verið er að laga gólfefni á einu rými í leikskólanum í Ólafsvík.
- g) Ýmis önnur smáverkefni

3) Matthías sendi neðangreinda punkta vegna íþróttamannvirkja:

Sundlaug

- a) Sundlaug pottar og vaðlaug tæmd
- b) Rennibraut farin í vetrarfrí
- c) Gert við og málað í kringum innipott
- d) Sundlaug háþrýstipvegin og eins útisvæðið
- e) Ljós löguð í karlaklefa

Handwritten signatures and initials in blue and red ink, including "Vi", "VHK", "BH", "SIC", and "Quar".

- f) Flísar lagaðar í kvennaklefa
- g) Öll ræsi hreinsuð
- h) Lagaður leki á heitavatnslögn
- i) Lok sett á vaðlaug og lendingarlaug
- j) Tíðnibreytir á mótordælu fyrir vaðlaug bilaði

Fótboltavöllur

- k) Hjólabúnaður á mörkum lagaður
- l) Vatnsúðunarkerfi frosttæmt
- m) Tekið til og gengið frá sláttuvélum
- n) Komu frá Metatron og löguð voru tvö ljós en gátu ekki lagað 4 ljós við mastur hjá kirkju vegna bleytu á túninu. Það verður gert um leið og frost kemur í jörðu til að komast að mastri

Íþróttahús

- o) Laga skemmd í gólfi
- p) Laga festingar fyrir mörk
- q) Ný ljós í dómaraklefa
- r) Gert við blásara í loftræstikerfi
- s) Gert var við niðurfall á hellulagða þakinu til bráðabirgða (niðurfall hjá þvottahúsi)

4) Ævar fór yfir punkta vegna Áhaldahússins:

- a) Drenlögn á Lýsuhóli lögð og lagfæringar á skólalóðinni eru í gangi.
- b) Vatnsinntaki var lokað við Grundarbraut 10a.
- c) Frágangur við lóð leikskólans í Ólafsvík. Þar var þökulagt, steipt gangstétt og girðing endurgerð. Enn er eftir að ganga frá endanlega fyrir framan húsið.
- d) Slegið var upp fyrir gangstétt við Ólafsbraut 23.
- e) Skipt um 40 götulampa í þéttbýlinu.
- f) Staurar í Skálholti lagaðir, þar var bilun í jörðu.
- g) Gengið frá tjaldstæðahúsum í Ólafsvík og á Hellissandi þegar tjaldstæðin lokuðu 15. okt.
- h) Tíndir saman blómapottar og þeir settir í skjól.
- i) Settur krani á vatnslögn við Dyngjubúð.
- j) Í tilefni af bleikum október hafa starfsmenn áhaldahúss sett bleikar filmur á ljós hér og þar um bæinn.
- k) Ýmislegt annað smálegt sem til féll í mánuðinum.

5) Vagn fór yfir punkta vegna grunnskólamannvirkja.

- a) Skýlin fyrir ruslakassana á Hellissandi voru færð frá skólanum.

- b) Búið er að kaupa 4 myndavélar sem verða staðsettar við skólahúsnæðið á Hellissandi. Verða þær settar upp þannig að þær mynda allar hliðar skólans að utan.
- c) Búið er að leggja gólfíð á körfuboltavöllinn á Hellissandi, en eftir er að fjarlægja bretti og fleira sem þarf að henda.
- d) Ruslaskýlin í Ólafsvík hafa líka verið færð, en þau voru staðsett aðeins of nálægt skólahúsnæðinu.
- e) Farið var í að endurnýja einangrun í loftinu á nýja skólanum í Ólafsvík. Tekið var út 70mm plast og í staðin var sett 180mm steinull. Lokað var 28 götum í loftplötunum sem á sínum tíma voru gerð fyrir loftræstingu. Einangrunin mun breyta gríðarlega miklu í að halda varma í húsinu.
- f) Falskt loft var sett í 4 fermetra herbergi í skólanum í Ólafsvík og var það málað.
- g) Búið er að leggja gólfíð á körfuboltavöllinn í Ólafsvík, en þar á líka eftir að fjarlægja rusl.

6) Ragnar, Smári og Valgerður fóru yfir punkta vegna tæknideildarinnar:

- a) Aðstoð við styrkumsókn til Uppbyggingarsjóðs ferðamanna vegna verkefnis á Arnarstapa og við Ingjaldshól.
- b) Vinna við að mæla, setja út lóðir og ganga frá lóðarblöðum og samningum.
- c) Búið er að ganga endalega frá þakinu á Ráðhúsinu með því að bræða þakdúk ofan í rennur og klára þakkant.
- d) Búið er að setja niður körfuboltavellina og er beðið eftir vinkiljárnnum sem sett verða í kringum vellina. Körfurnar eru komnar en beðið er eftir hentugu veðri fyrir uppsetningu.
- e) Einnig var unnið að viðgerðum á þaki á Klifi.
- f) Búið er að setja upp innihurðar á nýja skrifstofu og starfsmannarými í leikskólanum í Ólafsvík.
- g) Hafin er vinna við endurbætur fundarherbergis Ráðhússins þar sem skipt verður um gólfefni og loft og veggir málaðir.
- h) Tæknideild, ásamt Heimi Berg, sat fund með skipuleggjendum Iceland Eclipse vegna hátíðarinnar sem fer fram í ágúst 2026.
- i) Vinna við fjárhagsáætlun er hafin.
- j) Endurnýjun gjaldskrár er hafin.
- k) Búið er að jarðvegsskipta fyrir nýjum áningarstað við Gilbakka.
- l) Búið er að ganga frá blómakerjum eftir sumarið.
- m) Búið er að færa rafhleðslustöðvar á Arnarstapa og er verið að ganga frá lóðarblöðum og lóðarleigusamningum við InstaVolt og Rarik vegna þessa.
- n) Vinna er í gangi á skráningu á smáhýsum og gámum í þéttbýlum Snæfellsbæjar.
- o) Önnur tilfallandi dagleg verkefni

VHK, BLA, AN, Vi, SJL, Cnae

7) Kristinn fór yfir nokkra punkta:

- a) Hellisbrautin hjá Bjarmahúsinu. Þar var settur kjarni fyrir framan og niðri í fjöru til að verja húsið fyrir ágangi sjávar. Efni sem sett var á sama stað í sumar fór allt á haf út í fyrsta norðvestan roki haustsins.
- b) Búið er að skipta um þak á Ráðhúsinu á Hellissandi.
- c) Verið er að gera endurbætur á árfarveginum í Ólafsvík vegna snjóflóðavarna. Verkið gengur vel og er áætlað að því verði lokið um miðjan næsta mánuð.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 2. desember kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:00

Börn Arnaldsson.
Vagn Ingólfsson
~~Arnar Arnarson~~
Oræ
Balalinn & Jóna
Smari J. Lóðvicksson
Valgerður Kristmannsd.
M. M. M. M.